

143. löggjafarþing 2013–2014.
Þingskjal 693 — 196. mál.
Síðari umræða.

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um varðveislu menningararfleifðar á stafrænu formi.

Frá allsherjar- og menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Landsbókasafni Íslands – Háskóla-
bókasafni, Listasafni Íslands og Náttúruminjasafni Íslands.

Í tillögunni felst að mennta- og menningarmálaráðherra setji fram stefnu um varðveislu
íslenskrar menningararfleifðar á stafrænu formi. Gert er ráð fyrir því að verkið verði unnið
á næstu tíu til tuttugu árum.

Markmið tillögunnar er annars vegar að koma í veg fyrir að menningarverðmæti glatist
eða eyðileggist og hins vegar að auðvelda fólki aðgang að menningarverðmætum sem er að
finna á stafrænu formi.

Í þeim umsögnum sem bárust um málið er tekið undir efni þess og mælt með að það verði
samþykkt. Meðal annars kemur fram í einni umsagnanna að það væri fagnaðarefni ef sett
verður fram markviss og heildstæð stefna um varðveislu íslenskrar menningararfleifðar. Auk
þess kemur fram að löngu sé orðið tímabært að ríkið marki skýra, heildstæða og metnaðar-
fulla stefnu og verkáætlun um varðveislu íslenskrar menningararfleifðar á stafrænu formi.

Nefndin telur mikilvægt að koma verkefninu í farveg hið fyrsta og leggur til að tillagan
verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 6. mars 2014.

Unnur Brá Konráðsdóttir,
form.

Líneik Anna Sævarsdóttir,
frsm.

Páll Valur Björnsson.

Elsa Lára Arnardóttir.

Guðbjartur Hannesson.

Helgi Hrafn Gunnarsson.

Jóhanna María Sigmundsdóttir.

Svandís Svavarsdóttir.

Vilhjálmur Árnason.